

Ed.

812. Frumvarp til laga

[470. mál]

um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Ríkið rekur skóla, sem hefur það hlutverk að veita nemendum fræðilega þekkingu og starfsþjálfun til þess að stunda þroskaþjálfun hvar sem hennar er þörf. Enn fremur skal skólinn annast símenntun þroskaþjálfna.

2. gr.

Skólinn heitir Þroskaþjálfaskóli Íslands og starfar undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

3. gr.

Ráðherra skipar 5 manna skólastjórn. Þrír skulu skipaðir án tilnefningar og skal einn vera formaður. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfna og einn samkvæmt tilnefningu Félags þroskaþjálfanema.

Um skipan skólastjórnar, starfsemi og starfshætti, skal að öðru leyti ákveðið í reglugerð.

4. gr.

Ráðherra skipar skólastjóra og fastráðna kennara. Skólastjóri skal hafa lokið háskóla-prófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnum fólks með sérþarfir.

Fastráðnir kennarar skulu hafa lokið háskólaprófi eða öðru viðurkenndu prófi í kennslugrein sinni.

Skólastjórn ræður kennara að skólanum eftir ábendingum skólastjóra. Skólastjóri ræður annað starfslið skólans.

5. gr.

Inntökuskilyrði í skólann eru:

- a) 18 ára aldur.
- b) Stúdentspróf eða hliðstætt nám.
- c) Störf í a. m. k. fjóra mánuði á stofnun með fötluðum.

6. gr.

Í reglugerð skulu vera nánari ákvæði um kennara, námstíma, námsefni og námsmat og frekari ákvæði um framkvæmd laga þessara, svo sem um undanþágur frá skilyrðum um menntun, eftir því sem þurfa þykir.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 1985. Frá og með sama tíma falla úr gildi lög nr. 12/1977 um breyting á lögum nr. 53/1967, um fávítastofnanir.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 12/1977 um breyting á lögum nr. 53/1967 um fávítastofnanir, var kveðið á um starfsemi Þroskaþjálfaskóla Íslands sem sjálfstæðrar stofnunar. Upphaflegt lagaákvæði um skólann var að finna í 15. gr. laga nr. 53/1967, um fávítastofnanir, en þar var gert ráð fyrir því að við aðalfávítahæli ríkisins (Kópavogshælið) skyldi rekinn skóli til þess að sérmennta fólk til fávítagæslu.

Með lögum nr. 47/1979, um aðstoð við þroskahefta voru lög nr. 53/1967 um fávítastofnanir numin úr gildi að undanteknu ákvæðinu um starfsemi Þroskaþjálfaskólans, þ. e. a. s. breytingin nr. 12/1977. Með lögum nr. 41/1983, um málefni fatlaðra eru lög nr. 47/1979 um aðstoð við þroskahefta numin úr gildi.

Með skírskotun til ofanritaðs er það skoðun ráðuneytisins að treysta þurfi betur lagalegan grundvöll Þroskaþjálfaskóla Íslands og að kveða þurfi á um starfsemi hans í sérstakri löggjöf, eins og tíðkast um aðra sérskóla, þar sem fyrirsjáanlegt er að lög um framhaldsskóla nái ekki fram að ganga á næstunni. Ennfremur ber nauðsyn til að afnema þau ákvæði laga um fávítastofnanir frá 1967 með síðari breytingum, sem enn eru í gildi, auk þess sem störf þroskaþjálfara eru ekki í dag eingöngu bundin við störf með þeim, sem áður fyrir voru kallaðir fávítar.

Fyrir því fór ráðuneytið þess á leit við Ingimar Sigurðsson, lögfræðing, formann skólastjórnar Þroskaþjálfaskólans og Bryndísi Vígundsdóttur, skólastjóra skólans, að semja drög að frumvarpi til laga um Þroskaþjálfaskóla Íslands og fól þeim að hafa samstarf við skólastjórn þar sem sæti eiga meðal annarra, fulltrúi frá Félagi þroskaþjálfara og fulltrúi frá þroskaþjálfanemum. Var þeim falið að gera tillögur að frumvarpi án þess að lagðar yrðu til neinar breytingar í reynd á starfsemi skólans, heldur eingöngu yrði treystur lagagrundvöllurinn. Gengu þau frá frumvarpsdrögunum að höfðu samráði við skólastjórn og liggja þau hér frammi í búningi frumvarps til laga um Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Til glöggvunar þykir rétt að greina stuttlega frá starfsemi Þroskaþjálfaskóla Íslands.

Haustið 1958 var hafin kennsla í umönnun vangefinna á Kópavogshæli. Var skólinn, sem þá var stofnaður nefndur Gæslusyrstraskóli. Það voru fyrst og fremst Vilmundur Jónsson, landlæknir, og Georg Lúðvíksson, forstjóri ríkisspítalanna ásamt Birni Gestssyni, forstöðumanni Kópavogshælis, sem beittu sér í þessu máli og var skólinn 9 fyrstu árin rekinn án nokkurs lagagrundvallar.

Fyrsti stjórnandi skólans var Björn Gestsson, forstöðumaður Kópavogshælis. Náms efni og kennslutilhögun var aðallega sniðin eftir dönskum fyrirmyndum og frá upphafi var námið bæði bóklegt og verklegt og námstími tvö ár. Haustið 1959 var í fyrsta skipti auglýst eftir nemendum og hófu þrjár stúlkur nám. Upphaflegt starfsheiti útskrifaðra nemenda skólans var gæslusystir, en með reglugerð nr. 208/1971, sem gefin var út með heimild í 15. gr. laga nr. 53/1967 um fávítastofnanir, var nafni skólans breytt í Þroskaþjálfaskóla Íslands og starfsheiti þeirra, er lokið höfðu námi varð þroskaþjálfari.

Í fyrstu var kostnaður við skólahlald greiddur af fjárveitingum til Kópavogshælisins en frá og með árinu 1971 fékk skólinn sérstaka fjárveitingu og hefur verið svo síðan. Nemendur

fengu laun í námi allt frá upphafi fram til vors 1977 er starfsemi skólans var sniðinn sérstakur stakur með breytingum á lögum eins og áður kemur fram, en þá var sá háttur aflagður.

Eins og upphaflegt nafn skólans bendir til var starf gæslusystra aðallega fólgið í gæslu og umönnun, en á sjötta áratugnum urðu miklar breytingar á viðhorfum manna til þroskaheftra. Endurspeglast það ekki síst í lögum um aðstoð við þroskahefta, sem sett voru á árinu 1979. Krafa foreldra og forráðamanna um þjálfun og kennslu fyrir börn sín varð æ háværari og aðstandendum skólans ljós þörf á að mennta nemendur skólans meir en áður hafði verið til uppeldis- og þjálfunarstarfa.

Árið 1977 var ráðinn skólastjóri að skólanum og er skólastjórn hans aðalstarf. Var þetta gert í kjölfar lagabreytinga og hinn 4. júlí 1977 undirritaði Matthías Bjarnason, ráðherra heilbrigðis- og tryggingamála nýja reglugerð fyrir skólann, en í þeirri reglugerð er fyrst tekið fram að hlutverk þeirra, sem lokið hafa námi frá skólanum, sé að annast þjálfun þroskaheftra. Rétt er að geta þess að með lögum nr. 18/1978 um þroskaþjálfu er, starfsheiti og starfsréttindi þroskaþjálfu lögvernduð en hlutverk þeirra er samkvæmt þeirri löggjöf að annast umönnun, uppeldi og þjálfun þroskaheftra.

Með breyttri skipan skólans var þáttur uppeldisgreina og þjálfunar stóraukinn og var nú leitað víðar fanga en á dönsk mið. Þannig sækir skólinn nú fyrirmyndir um námsefni til allra nágrannalanda. Mikið af námsefni og fyrirmyndum að námsháttum er auk þess fengið frá Bretlandi og Bandaríkjunum, ekki síst svo kölluð þrepþjálfun (developmental sequencing) sem þykir í dag nauðsynleg kunnátta þeirra, er ætla sér að stunda þroskaþjálfun.

Kennaralið skólans er að stærstum hluta stundakennarar. Helgast sú tilhögun af því að kennslugreinar eru mjög sérhæfðar og skólinn lítill og kennslutímar fáir, svo ekki er raunhæft að ráða í fastar stöður nema að hluta til. Árið 1980 var samþykkt yfirkennarastaða við skólann og í ár var í fyrsta skipti ráðinn kennari í fasta stöðu til þess að kenna uppeldisgreinar. Stjórnendur skólans vænta þess að í framtíðinni verði unnt að ráða fastakennara, enda gefast betri möguleikar til þess nú en áður, þar sem skólinn hefur fengið nýtt og rúmgott húsnæði til afnota.

Verknám við skólann fer fram á um 40 stofnunum í samfélaginu. Er hér um að ræða bæði svo kallaða sólarhringsstofnanir, þar sem þroskaheftir dveljast, dagvistunarstofnanir, sjúkrahús, einkum geðdeildir, barnaheimili með sérdeildum, ýmiss konar aðhlyningarheimili, sérskólar, t. d. Öskjuhlíðarskólinn, blindradeild, Heyrnleysingjaskólinn, og skóli fyrir einhverf börn og í ár hyggst skólinn taka upp samstarf við öldrunardeildir.

Á árinu 1981 fékk skólinn heimild til þess að ráða sér starfsmenn, faglegt fólk á hverjum stað, til þess að veita nemendum tilsögn og bera ábyrgð á þeim vettvangi. Hefur sú tilhögun reynst mjög vel. Nemendur skila skýrslum um starf sitt og gera grein fyrir dvöl sinni á vettvangsstað í áheyrn skólasystkina að viðstöddum forstöðumönnum stofnananna, þegar því verður viðkomið, og umsjónaraðila á verknámsstað. Öllum öðrum námsgreinum skólans, þ. e. a. s. bóklegum greinum lýkur með skriflegum prófum, ritgerðum eða verkefnum.

Þroskaþjálfaskóli Íslands hefur frá því að heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið var gert að sjálfstæðu ráðuneyti 1970, starfað undir stjórn þess.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Inntak þessarar greinar er í hnotskurn að skólinn mennti fólk til þess að stunda þroskaþjálfun með öllum tiltækum ráðum, hvar sem hennar er þörf. Þroskaþjálfun er að öðru leyti skýrð í lögum nr. 18/1978, um þroskaþjálfu. Sú skylda hvílir á stjórnendum skólans á hverjum tíma, að vera opnir og vakandi fyrir þörfum samfélagsins og að hafa frumkvæði um að bregðast við þeim eftir bestu getu.

Þjálfun hlýtur að taka mið af því, að mennta fólk til þroskaþjálfunarstarfa hvar sem þroskaheftir dveljast, á hvaða aldri sem þeir eru og hver sem orsök þroskaskerðingar er og hvenær æviskeiðsins, sem hún á sér stað. Skólinn hefur staðið fyrir símenntun og haft um hana samráð við Félag þroskaþjálfara.

Um 2. gr.

Skólinn hefur starfað undir stjórn heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá 1970 og er það ósk skólastjórnar, skólastjóra og starfsmanna að svo verði áfram allavega, þangað til endanleg afstaða verður tekin til framhaldsmenntunar í landinu, enda hefur menntamálaráðuneytið ekki fallist á að taka að sér þessa menntun þótt eftir því hafi verið leitað um nokkurt skeið af hálfu heilbrigðisráðuneytis.

Um 3. gr.

Sérstök skólastjórn skipuð af ráðherra fer með stjórn skólans og er þetta í samræmi við ákvæði núgildandi reglugerðar um stjórn skólans.

Um 4. gr.

Skólastjóri skal vera sérmenntaður í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennara-prófi frá viðurkenndum háskóla og auk þess hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir. Hér er um að ræða efnislega samhljóða ákvæði og í gildandi lögum um skólann þ. e. a. s. 1. gr. laga nr. 12/1977.

Um 5. gr.

Inntökuskilyrði í skólann samkvæmt reglugerð frá 1977 eru þau að viðkomandi sé orðinn 18 ára og hafi lokið að minnsta kosti tveggja ára námi í framhaldsskóla í þeim námsgreinum, sem skólinn gerir kröfu til eða hliðstæðu námi. Ekki er í reynd lögð til nein efnisbreyting varðandi það sem þegar hefur verið í gildi. Vert er að benda á að gerð er krafa til umsækjenda þess efnis að þeir hafi starfað a. m. k. fjóra mánuði á stofnun þar sem þroskaheftir dveljast. Að fenginni reynslu hafa skólastjóri og skólastjórn talið nauðsynlegt að beita þessu ákvæði sem aðalreglu vegna eðli þeirra starfa sem skólinn menntar fólk til.

Hvað snertir skipulagningu og umsjón með verknámi er gert ráð fyrir því að þroskaþjálfari annist þann þátt þar sem hann hefur tileinkað sér þær starfsaðferðir, sem ætlast er til að nemendur kynni sér á vettvangi svo sem gerð þjálfunaráætlana og framkvæmd þeirra. Æskilegt væri að til þessa starfa fengist þroskaþjálfari, sem jafnframt hefði kennaramenntun og réttindi sem slíkur, en það er ekki gert að skilyrði.

Um 6. gr.

Þar sem löggin eru stutt og ekki er fjallað um ákveðna þætti er gert ráð fyrir því eins og áður, að sett verði í reglugerð ákvæði um kennara, námstíma, námsefni og námsmat svo og fyllri ákvæði um aðra þætti eftir því sem þurfa þykir.

Um 7. gr.

Við gildistöku þessa lagafrumvarps, sem lögð er til að verði 1. september 1985, þ. e. a. s. í upphafi næsta skólaárs, falla úr gildi síðustu ákvæði laga um fávitastofnanir, sem að grunni til eru frá 1967.